

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 28. júní 2007 í máli nr. S-901/2007:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson fulltrúi)

gegn

Arturas Ravoitas

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. júní sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á hendur Arturas Ravoitas, Skúlagötu 56, Reykjavík fyrir eftirtalin hegningarlagaþrot:

I.

Fyrir þjófnað, með því að hafa þriðjudaginn 3. október 2006, stolið tveimur vínarbrauðum og flösku af hálfum lítra af Coca-cola úr verslun Hagkaupa að Kringlunni 12 í Reykjavík, að andvirði kr. 386.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir tilraun til þjófnaðar, með því að hafa að kvöldi fimmtudagsins 26. október 2006, farið inn í matvöruverslunina Pétursbúð að Ránargötu 15 í Reykjavík, með nælonsockk yfir höfði, og í auðgunarskyni reynt að opna sjóðsvél verslunarinnar en hætti við og komið sér út úr versluninni er starfsmaður hafði afskipti af honum.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Fyrir tilraun til þjófnaðar, með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 4. janúar 2007, í auðgunarskyni reynt að spenna upp seðlalúgu hraðbanka Glitnis við Laugaveg 116 í Reykjavík með kúbeini, en komið var að ákærða á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV

Fyrir þjófnað, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 28. janúar 2007, brotist inn í tannlæknastofu Jóns Birgis Jónssonar, Hátúni 8 í Reykjavík, með því að brjóta rúðu í aðalinngangi stofunnar með steinhellu og stolið þaðan tveimur stafrænum myndavélum, annars vegar af gerðinni Kodak Easy share og hins vegar Fujifilm MX2900 og um 10.000 krónum í reiðufé.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V.

Fyrir þjófnað, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 28. janúar 2007, brotist inn í raftækjaverkstæðið Samraf ehf., Hátúni 6B í Reykjavík, með því að brjóta rúðu í útidyrhurð fyrirtækisins með grjóti og stolið þaðan skiptimynt úr peningakassa að fjárhæð kr. 3.000 og þráðlausum heimilissíma af gerðinni Siemens.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VI

Fyrir gripdeild, með því að hafa, laugardaginn 31. mars 2007, á 3. hæð í verslunarmiðstöð Kringlunnar í Reykjavík, tekið veski Ingríðar B. Kristjánsdóttur, kt. 000000-0000, og hlaupið með það af vettvangi, er hann varð Ingríðar var og

slegið eign sinni á það, en í veskinu var seðlaveski Ingríðar með greiðslukortum, kveikjuláslykill, gleraugu, barnaföt, stuttbuxur og bolur.

Telst þetta varða við 245. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VII

Fyrir tilraun til þjófnaðar, með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 4. apríl 2007, í auðgunarskyni brotist inn í tannlæknastofu Jóns Birgis Jónssonar, Hátúni 8 í Reykjavík, með því að brjóta rúðu í starfsmannainngangi stofunnar með grjóti, en lögregla kom að ákærða á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VIII.

Fyrir gripdeild, með því að hafa föstudaginn 11. maí 2007, farið inn í verslun Adam og Evu að Hverfisgötu 82 í Reykjavík, tekið ýmsar vörur úr hillum verslunarinnar og hlaupið með þær út, en hent þeim frá sér fyrir utan verslunina er eigandi verslunarinnar, óskraði á hann að sleppa vörunum.

Telst þetta varða við 245. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IX.

Fyrir þjófnað, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 12. maí og aðfaranótt sunnudagsins 13. maí 2007 brotist inn í verslun Adam og Evu að Hverfisgötu 82 í Reykjavík, með því að brjóta rúðu í útidyrhurð verslunarinnar þann 12. maí og með því að rífa niður krossviðarplötu þann 13. maí, sem sett var í útidyrhurðina vegna innbrotsins nóttina áður, og stolið þaðan eftirfarandi hlutum:

1. Rafmagnssetti að verðmæti kr. 19.040
2. Brjóstastækkunarpumpu að verðmæti kr. 5.752

3. Barmastækkunarpumpu að verðmæti kr. 4.792
4. Bleikum múl að verðmæti kr. 2.392
5. Bleiku límbandi að verðmæti kr. 1.943
6. Stálkúlutitrara að verðmæti kr. 12.993
7. Bindihlekkjum fyrir hendur og fætur að verðmæti kr. 21.292

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu gera eftirtaldir aðilar skaðabótakröfu í hendur ákærða:

1. Glitnir banki hf., kt. 000000-0000, gerir þá kröfu að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 188.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá tjónsdegi 4. janúar 2007 en síðan dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags.
2. Krulli ehf., kt. 000000-0000, gerir kröfu um að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 167.804 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá tjónsdegi 12. maí 2007, en síðan dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags.
3. Hagkaup hf., kt. 000000-0000, gerir kröfu um að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 386 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá tjónsdegi 3. október 2006 en síðan dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags.
4. Tannlæknastofa Jóns Birgis Jónssonar, kt. 000000-0000, gerir þá kröfu að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 107.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá tjónsdegi 4. apríl 2007 en síðan dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags.

Ákærði hefur játað þá háttsemi sem greinir í ákærുകöflum I, II, IV, VII, VIII og samrýmist játning hans gögnum málsins. Hann er sakfelldur fyrir þessa

háttsemi, sem er réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Þá hefur ákærði játað þá háttsemi sem greinir í ákærukafla IX, en ekki sagst muna hvaða hluti hann tók.

Ákærði neitaði að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í ákærüköflum III, V og VI og var aðalmeðferð háð varðandi þá ákærukafla.

Hann krefst sýknu af kröfum ákæruvaldsins varðandi þá háttsemi sem hann hefur neitað og einnig krefst ákærði þess að bótakröfum verði vísað frá dómi, varðandi þá háttsemi sem hann hefur neitað, en til vara lækkunar á bótakröfum. Ákærði krefst vægustu refsingar sem lög leyfa varðandi þá háttsemi sem hann hefur játað. Þá krefst verjandi ákærða málsvarnarlauna að mati dómsins.

Málsatvik varðandi ákærukafla III.

Í frumskýrslu lögreglunnar frá 4. janúar 2007 kemur fram að lögreglumenn hafi verið að aka suður Snorrabraut að Laugavegi, þegar þeir veittu manni athygli austan við Snorrabraut hjá inngangi að hótelinu Fjórar hæðir, Laugavegi 101, sem veifaði til þeirra. Lögreglumenn hafi stöðvað bifreiðina og hafi maðurinn, Sigurbjörn Utley, bent þeim á mann sem hann sagði að hefði verið að brjóta upp hraðbanka skömmu áður. Lögregla gaf sig á tal við manninn, sem hafði á höndum bláa latex hanska og upp úr buxnavasa hans stóð kúbein. Við skoðun á hraðbankanum kom í ljós að framhlið hans var laus frá glugga og einnig fundust þar fjórir bréfsneplar. Var einn þeirra límdur fyrir myndavél við hraðbankann, en tveir þeirra voru límdir fyrir litla spegla á hraðbankanum. Miðarnir reyndust vera úr dagblaðabunka sem lá fyrir framan verslun 11-11 í sama húsi og bankinn. Vitnið, Sigurbjörn Utley, sem gefið hafði sig á tal við lögreglu, kvaðst hafa séð mann eiga við hraðbankann, en maðurinn hefði þrívægis komið að hraðbankanum og átt eitthvað við hann. Hann hafi gefið sig á tal við manninn og spurt hvað hann væri að gera en maðurinn hafi brugðist illa við afskiptum hans og svarað honum á ensku. Sigurbjörn kvað þann mann sem lögregla hefði handtekið vera þann mann sem átt hefði við hraðbankann.

Rannsaðir voru bréfbútar þeir sem haldlagðir voru á brotavettvangi og við rannsóknina kom í ljós að á þeim var að finna munnvatn. Voru pappírsbútarnir sendir til DNA rannsóknar hjá Rettsmedisinsk Institutt við háskólann í Osló auk munnvatnssýnis frá ákærða. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að þrír pappírssneplanna gáfu sama DNA snið og DNA snið ákærða. Þá segir í skýrslu tæknideildar, sem Björgvin Sigurðsson sérfræðingur, undirritar, að áreiðanleiki þessarar niðurstöðu sé mjög mikill. Þannig séu líkur á að finna sams konar snið frá óskyldum einstaklingi ávallt minni en 1: 1.000.000.000.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 4. janúar 2007 kvaðst ákærði hafa verið með bláa latex hanska á höndum vegna sárs á höndum og sýndi hann lögreglu gamalt gróið sár á vinstri hendi.

Í málinu liggur frammi skýrsla lögreglu, þar sem fram kemur að myndbandsupptaka liggi fyrir úr myndavél 11-11, Laugavegi 116 frá klukkan 04:01-04:03. Á upptökunni sjáist maður, íklæddur dökkum jakka, en fatnaður mannsins hafi verið sams konar og fatnaður ákærða er hann var handtekinn. Sjáist

er maðurinn gangi vestur Laugaveg, beygi sig í átt að dagblaðabunka og eigi eitthvað við dagblaðabunkann, en ekki sjáist að hann taki með sér dagblað.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna um þennan ákærulið.

Ákærði kvaðst hafa verið á leið heim til sín umrætt kvöld. Hann kvaðst hafa notað kúbein það sem á honum fannst til þess að rífa upp dagblaðabunka, sem lá fyrir utan verslun og ná sér í eitt eintak. Ákærði kvaðst geta lesið íslensku, en hann hefði gengið í skóla á Íslandi og búið hér á landi í um tvö og hálf ár. Hann kvaðst ekki muna eftir að hafa verið með gúmmíhanska á höndum. Er borinn var undir hann framburður hans hjá lögreglu um að hann hafi verið með gúmmíhanskana, vegna sárs á höndum, kvaðst hann ekki geta útskýrt þetta frekar. Ákærði var spurður um hvort hann gæti útskýrt að lífssýni, sem reyndust vera frá honum fundust á pappírssneplum sem límdir höfðu verið yfir öryggismyndavélar hraðbankans. Kvað ákærði að ekki væri um traustvekjandi rannsóknarniðurstöður að ræða, töluverður vafi væri á því að niðurstöðurnar væru réttar, eingöngu væri um líkur að ræða. Ákærði var spurður um hvernig hann gæti skýrt að tvö vitni hefðu séð hann eiga við hraðbankann. Svaraði ákærði því með því að spyrja um þær myndavélar sem tækju upp það sem gerðist nálægt hraðbankanum.

Ákærði var spurður um hvort hann gæti skýrt að hann sæist á myndbandi öryggismyndavélar 11-11 sem væri nálægt metra frá hraðbankanum. Kvaðst ákærði ekki geta útskýrt það.

Vitnið, Bogi Sigvaldason lögreglumaður, kvaðst hafa verið í lögreglubíl sem ekið var um Snorrabraut umrætt kvöld. Maður hafi veifað til þeirra og beðið lögregluna að stöðva. Kvað vitnið að maðurinn hefði bent á annan mann sem hefði verið að reyna að brjótast inn í hraðbanka. Hafi sá maður verið með latex hanska á höndum og kúbein hafi staðið upp úr vasa hans. Hraðbankinn hafi allur verið úr lagi færður og bilaður. Þá hafi verið límdir miðar yfir myndavélar hraðbankans, en miðarnir hafi verið úr dagblaðabunkum, sem lágu þar rétt hjá.

Vitnið, Sigurbjörn Utley, kvaðst hafa verið staddur á gistiheimili gegnt hraðbankanum á Laugavegi, umrædda nótt, er hann sá mann sem var að brjóta upp hraðbankann. Hafi hann verið með eitthvert járn í hendi. Hafi hann kallað á lögreglu og skömmu síðar hafi lögregla haft hendur í hári hans. Vitnið kvaðst vera viss um að sá maður sem var að reyna að brjóta upp bankann, hafi verið sá maður sem lögregla handtók.

Vitnið, Linda Daniels, kvað að hún hefði verið með Sigurbirni á hóteli umrætt kvöld, en hótelið sé gegnt hraðbankanum á Laugavegi. Hún hafi heyrt hávaða sem kom frá hraðbankanum og hafi hún séð mann þar sem var sífellt að ganga að og frá hraðbankanum. Sigurbjörn hafi hlaupið niður og reynt að ræða við manninn, en hann hafi talað ensku. Vitnið kvaðst staðfesta að sá maður sem lögregla handtók hafi verið sá maður sem var að eiga við bankann. Vitnið kvaðst hafa staðið við glugga hótelsins allan tímann sem maðurinn var að athafna sig og aldrei misst sjónar á honum.

Vitnið, Björgvin Sigurðsson sérfræðingur hjá tæknideild lögreglunnar, kvaðst hafa fengið til rannsóknar bréfmíða sem límdir höfðu verið yfir öryggismyndavélar hraðbankans. Þeir hafi verið prófaðir með tilliti til „munvatnsamylesa” og sýni úr

þeim öllum hafi gefið jákvæða svörun við slíkum prófunum. Í framhaldi af því hafi bútarnir verið sendir til DNArannsóknar í Noregi. Niðurstöður þeirra rannsókna hafi sýnt að DNA snið á bréfbútonum var það sama og DNA snið ákærða. Vitnið kvað áreiðanleika DNA prófana væri að lágmarki 1: 1.000.000.000.

Niðurstaða varðandi ákærukafla III.

Ákærði hefur neitað sök. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu og vætti vitnisins Boga Sigvaldasonar lögreglumanns var ákærði með bláa gúmmihanska á höndum er hann var handtekinn og upp úr vasa hans stóð kúbein, en samkvæmt rannsóknargögnum hafði hraðbanki sá sem í ákæru greinir verið brotinn upp. Hefur ákærði sagt fyrir dómi að hann muni ekki eftir því að hafa haft bláa gúmmihanska á höndum umrætt sinn, en er ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu kvaðst hann hafa verið með hanska þessa, vegna sárs á höndum. Hefur ákærði ekki gefið trúverðugar skýringar á því að hann var með kúbein þetta í buxnavasa sínum og afturhvarf frá fyrra framburði hjá lögreglu er ekki trúverðugt.

Fyrir dómi kvaðust vitnin Sigurbjörn Utley og Linda Daniels vera þess fullviss að sá maður sem þau sáu eiga við hraðbankann væri sá maður er lögregla handtók. Þau höfðu bæði góða yfirsýn yfir hraðbankann og þá sem þar voru. Þá bentu niðurstöður DNA rannsóknar á lífssýnum þeim er fundust á pappírssneplum er límdir höfðu verið yfir spegla og myndavél hraðbankans til þess að um væri að ræða munnvatn úr ákærða, en áreiðanleiki niðurstaðna þessara er 1: 1.000.000.000

Þegar allt framangreint er virt er að mati dómsins fram komin lögfull sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákærukafla þessum greinir og er hann sakfelldur fyrir hana. Er háttsemi hans réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Málsatvik varðandi ákærukafla V.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar í Reykjavík frá 28. janúar 2007 fór lögregla að raftækjaverkstæðinu Samraf í Hátúni vegna innbrots í fyrirtækið. Í skýrslu lögreglu segir að brotin hafi verið rúða með tvöföldu gleri í útidyrhurð og stór grjóthnullungur hafi legið á gólfinu fyrir innan hurðina. Rótað hafi verið í öllu og blóðdropar um allt. Þá hafi sést skófar með fiskibeinamynstri á pappírslaði sem lá á gólfinu við skrifborð og hafi verið blóð undir blaðinu. Í skýrslu lögreglu segir að ákærði hafi verið grunaður um aðild að innbrotinu, en hann hafi verið með sár á hendi og í blóðugum buxum þegar lögregla hafði af honum afskipti fyrr um morguninn. Lögregla haldlagði pappírslað, með skófari og blóði á, sem og annað A 4 pappírslað sem einnig var blóð á og var þeim komið í munageymslu lögreglu. Gögn þessi voru send til DNA rannsóknar til Rettsmedisinsk Institutt við Háskólann í Osló. Samkvæmt niðurstöðum úr rannsókninni samsvaraði DNA snið blóðsýnisins, DNA sniði ákærða í máli þessu. Þá segir í greinargerð Björgvins Sigurðsson sérfræðings í tæknideild lögreglu, að í svari Rettsmedisinsk Institutt við Háskólann í Osló, komi fram að líkurnar á að finna sams konar snið frá óskyldum einstaklingi séu ávallt minni en 1: 1.000.000.000.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna um þennan ákærulið. Ákærði var spurður um hvort hann gæti útskýrt að blóð úr honum fannst á vettvangi. Kvaðst ákærði ekki vilja tjá sig um það.

Vitnið, Björgvin Sigurðsson, sérfræðingur hjá tæknideild lögreglunnar kvaðst hafa sent gögn til DNA rannsóknar varðandi þetta mál, en gögnin hafi verið geymd í munageymslu lögreglunnar. Niðurstaða DNA rannsóknar hafi verið sú að DNA snið blóðsýnis sem var á umræddri pappírsörk hafi verið það sama og DNA snið ákærða.

Niðurstaða varðandi ákærukafla V.

Ákærði hefur neitað sök. Hann hefur ekki getað útskýrt hvernig blóðsýni, sem hafði sama DNA snið og blóð úr ákærða, fannst á brotavettvangi. Með rannsóknargögnum málsins, er sýna fram á að blóð úr ákærða fannst á brotavettvangi og vætti vitnisins Björgvins Sigurðssonar, er að mati dómsins sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákærukafla þessum greinir og er háttsemi hans réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Málsatvik varðandi ákærukafla VI.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar í Reykjavík frá 31. mars 2007 var lögregla kvödd að Kringlunni, verslunarmiðstöð, vegna tilkynningar um þjófnað þann dag. Öryggisverðir sýndu lögreglu myndir úr öryggismyndavélum sem sýndu mann ganga að kvenveski sem hafði verið skilið eftir á ganginum í Kringlunni. Myndirnar sýni mann taka veskið og róta í því, en maðurinn hafi tekið til fótanna þegar konan, sem átti veskið, sneri til baka. Þá sýna myndirnar hvar maðurinn hlaupi niður stiga sem var þar hjá. Reynt hafi verið að hlaupa manninn uppi, en án árangurs. Er lögregla kom á vettvang upplýsti eigandi veskisins, Ingiríður B. Kristjánsdóttir að veskið væri ljósleitt tauveski. Skömmu síðar barst tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð lögreglu um að þjófurinn væri kominn aftur og að öryggisverðir ætluðu að fylgjast með honum þar til lögregla kæmi. Sást maður standa í bláum gallbuxum og rauðri skyrtu við útganginn við bókasafnið í Kringlunni. Fram kom að um væri að ræða sama mann og hefði stolið veskinu fyrr um daginn. Ræddi lögregla við manninn, sem reyndist vera ákærði. Kvaðst hann ekkert vita um þetta mál, en viðurkenndi að hafa verið í Kringlunni þennan dag, farið svo heim og komið aftur sama dag í Kringluna.

Við myndflettingu hjá lögreglu benti Ingiríður á annan en ákærða og kvað þann mann vera líkan þeim sem hefði tekið veski sitt. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 30. apríl 2007 kvaðst ákærði hafa verið klæddur í rauðan bol og í gallabuxum 31. mars 2007. Hann kannaðist við sjálfan sig á myndum úr öryggismyndavélum Kringlunnar. Í málinu liggja fyrir myndir af karlmanni í rauðum bol og gallabuxum, sem teknar voru umrætt sinn á öryggismyndavél Kringlunnar. Sést hvar maðurinn tekur ljósleitt kvenveski og rótar í því og gengur með það burt.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna.

Ákærði var spurður um myndir sem teknar voru í Kringlunni á öryggismyndavél. Kvaðst ákærði ekki þekkja sig á myndunum. Er ákærði var inntur eftir því hvers vegna hann hefði breytt framburði sínum frá því sem hann tjáði lögreglu, er hann kvaðst kannast við sig á myndunum, sagðist ákærði aldrei hafa átt fót eins og sá maður klæddist sem myndirnar sýna.

Vitnið, Ingiríður B. Kristjánsdóttir, kvaðst umræddan dag hafa verið stödd í Kringlunni og haft meðferðis veski sitt og tvo poka. Hún hafi verið að klæða barnabarn sitt og þegar því hafi verið lokið hafi hún staðið upp og ætlað út úr Kringlunni, en veitt því þá eftirtekt að hún var ekki með veskið sitt. Hafi hún þá gengið aftur inn og séð pilt hlaupa niður stiga hjá Borgarbókasafni og hafi hann verið með veskið. Vitnið kvað piltinn hafa verið í gallabuxum og rauðum bol. Vitnið kvaðst ekki vera viss um hvort hún þekkti ákærða aftur. Undir vitnið voru bornar ljósmyndir er teknar voru á öryggismyndavél Kringlunnar. Kvað vitnið myndirnar sýna þann mann sem tók veski hennar.

Niðurstaða varðandi ákærkafla VI.

Ákærði hefur neitað sök, en er hann var yfirheyrður hjá lögreglu 30. apríl 2007 kvaðst hann hafa verið klæddur í rauðan bol, eða skyrtu og gallabuxur 31. mars 2007, er hann var handtekinn. Það kemur og fram í lögregluskýrslu frá 31. mars 2007, að sá maður sem var handtekinn, þ.e. ákærði, hafi verið þannig klæddur. Þá þekkti hann sig á myndum úr öryggismyndavélum Kringlunnar. Hann dró þennan framburð sinn til baka fyrir dómi, en vitnið Ingiríður kvað þær myndir sem henni voru sýndar í réttinum, vera af þeim manni sem tók veski hennar. Afturhvarf ákærða á fyrra framburði sínum hjá lögreglu, þar sem hann kvaðst hafa verið klæddur í rauðan bol og gallabuxur í Kringlunni umræddan dag og þekkti sig á þeim myndum sem honum voru sýndar, er ótrúverðugt, einkum í ljósi þess að sumar myndirnar eru af ákærða svo ekki verður um villst.

Þegar framangreint er virt er að mati dómsins komin fram lögfull sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákærkafla þessum greinir og er hann sakfelldur fyrir hana og er háttsemi hans réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærkafla IX.

Ákærði hefur játað þeirri háttsemi sem greinir í ákærkafla þessum, en kvaðst ekki muna hvaða muni hann tók.

Vitnið, Þorvaldur Steindórsson, kom fyrir dóm. Hann kvaðst hafa ráðfært sig við yfirmann í versluninni um hvað hefði verið tekið í innbrotunum og kvaðst hafa skoðað öryggismyndband og skoðað í hillur í versluninni og borið saman hvað var þar, bæði fyrir og eftir innbrotin. Kvað hann að í fyrra skiptið hefði verið tekið rafmagnssett, brjóstastækkunarpumpa og barmstækkunarpumpa, en í síðara skiptið

hefði verið tekið bleikur múll, bleikt límband, stálkúlutrari og bindihlekkir.

Spurður um grundvöll bótakröfu, kvaðst hann vísa til framlagðs reiknings frá Gleri og lásam að fjárhæð 79.432 krónur, en auk þess hafi hann orðið fyrir tjóni vegna límmiða sem þurfi að líma á rúðuna vegna opnunatíma verslunarinnar. Hann kvaðst telja að verslunin væri ekki tryggð fyrir þessu tjóni. Þá kvað hann starfsfólk verslunarinnar hafa þurft að sinna útköllum vegna innbrotanna og auk þess sé fjárhæðin sem tilgreind er í bótakröfu undir liðnum útkall, einnig vegna þrifa. Hann kvaðst hafa greitt starfsfólki þessa fjárhæð.

Niðurstaða varðandi ákærukafla IX.

Ákærði hefur játað að hafa brotist inn í verslunina Adam og Evu umrædd skipti og tekið þaðan einhverja muni, en hann kvaðst ekki muna hvaða hluti hann tók. Ákærði er því sakfelldur fyrir þjófnað sem er réttilega heimfærður til refsíákvæða. Hins vegar sýna myndir úr öryggismyndavél ekki með óyggjandi hætti hvort það voru nákvæmlega þeir munir sem í ákæru greinir, sem ákærði tók ófrjálsri hendi og það hefur ekki heldur verið í ljós leitt með framburði vitnisins Þorvaldar. Því er ósannað að ákærði hafi tekið nákvæmlega þá hluti sem í ákæru greinir.

Viðurlög.

Ákærði hefur samkvæmt framangreindu verið sakfelldur fyrir alla kafla ákærunnar, en um er að ræða 9 auðgunarbrot, framin á tímabilinu frá október 2006 til 12. maí 2007. Horfir til málsbóta að ákærði hefur játað sum brotin. Þá hefur ákærði samþykkt bótakröfur í þeim málum þar sem ákærði hefur játað sök. Á hinn bóginn ber að líta til þess að um mörg brot er að ræða og ákærði hefur sýnt einbeittan brotavilja. Ákærði er fæddur árið 1988. Samkvæmt sakavottorði hans hefur hann gengist undir þrjár sektargerðir vegna brots gegn ávana- og fíkniefnalögum. Ákvörðun refsingar á hendur honum var frestað skilorðsbundið í 2 ár, með dómi 5. desember 2006, en ákærði hafði þá gerst sekur um þjófnað og brot gegn ávana- og fíkniefnalögum. Hluti brota ákærða sem hann hefur verið sakfelldur fyrir í máli þessu eru framin áður en síðastgreindur dómur var uppkveðinn og ber því að ákvarða refsingu ákærða sem hegningarauka að hluta, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, en einnig ber að líta til þess að ákærði rauf skilorð dómsins frá 5. desember 2006, með brotum sem hann framdi eftir uppkvaðningu þess dóms. Ber því með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga að taka upp skilorðsdóminn og ákvarða refsingu ákærða í einu lagi, sbr. 77. gr.sömu laga.

Þegar allt framangreint er virt er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 4 mánuði, en til frádráttar refsingu ákærða komi gæsluvarðhald er ákærði sætti frá 30. janúar 2007 til 2. febrúar 2007 og gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 15. maí 2007.

Skaðabótakröfur.

Í málinu liggur frammi bótakrafa Glitnis banka hf. að fjárhæð 188.000 krónur. Ákærði hefur mótmælt kröfunni. Þar sem krafan byggir á áætlun um viðgerðarkostnað og óljóst er um raunverulegt tjón, er hún að mati dómsins svo vanreifðuð að henni verður vísað frá dómi.

Þá liggur einnig frammi bótakrafa Krulla ehf. að fjárhæð 167.804 krónur, vegna innbrots í verslunina Adam og Evu. Er hún sundurliðuð í kröfu vegna tjóns af rúðubroti, 81.200 krónur, kröfu vegna tjóns af útkalli starfsfólks, 18.400 krónur, kröfu vegna þeirra muna er ákærði er talinn hafa tekið, þ.e. rafmagnssett 19.040 krónur, brjóstastækkunarpumpa, 5.752 krónur, barmstækkunarpumpa, 4.792 krónur, bleikur múll 2.392 krónur, bleikt límband 1.943 krónur, stálkúlutrari, 12.993 krónur og bindihlekkir kr. 21.292 krónur. Hefur ákærði samþykkt bótaskyldu en mótmælt bótafjárhæð. Niðurstaða dómsins varðandi sekt ákærða í þessum kafla ákæru, var sú að ósannað væri hvaða muni ákærði tók ófrjálsri hendi og er því kröfu vegna ofangreindra hluta vísað frá dómi. Þá fylgdu kröfunni engin gögn er staðreynt gætu að tjón Krulla ehf. vegna rúðubrots og útkalls starfsfólks næmu þeim fjárhæðum er í ákæru greinir, en reikningur sá er lagður var fram frá Gleri og lásum fullnægir ekki þeim kröfum sem gera verður til slíkra gagna. Er kröfunni því vísað frá dómi sem vanreifaðri.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfu Hagkaupa að fjárhæð 386 krónur auk vaxta. Verður ákærði dæmdur til greiðslu hennar auk vaxta eins og í dómsorði greinir.

Þá liggur frammi bótakrafa tannlæknastofu Jóns Birgis Jónssonar að fjárhæð 107.000 krónur auk vaxta. Hefur ákærði samþykkt þá kröfu og verður hann dæmdur til greiðslu hennar auk vaxta eins og í dómsorði greinir.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 greiði ákærði sakarkostnað málsins, 478.497 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Höskuldssonar hæstaréttarlögmanns, 300.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Við ákvörðun málsvarnarlaun hefur verið tekið tillit til aksturs verjanda.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Karl Ingi Vilbergsson fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

D ó m s o r ð:

Ákærði sæti fangelsi í 4 mánuði, en til frádráttar refsingu ákærða komi gæsluvarðhald er ákærði sætti frá 30. janúar 2007 til 2. febrúar 2007 og gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 15. maí 2007.

Bótakröfum Krulla ehf. og Glitnis banka hf. er vísað frá dómi.

Ákærði greiði Hagkaupum hf. 386 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. október 2006 til 15. júní 2007, en með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði Tannlæknastofu Jóns Birgis Jónssonar 107.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 4. apríl 2007 til 15. júní 2007, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði sakarkostnað málsins, 478.497 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Höskuldssonar hæstaréttarlögmanns, 300.000 krónur.

Ingveldur Einarsdóttir.